



**Verðtryggð skuldabréf
Framtaks fjárfestingarbanka hf.
1. flokkur 2003**

Umsjónaraðili:



Landsbankinn

Yfirlýsingar

Yfirlýsing útgefanda

Fyrir hönd Framtaks fjárfestingarbanka hf, kt. 420171-0139, Síðumúla 28, 108 Reykjavík lýsir framkvæmdastjóri yfir, að eftir bestu vitund er skráningarlýsing þessi í fullu samræmi við staðreyndir. Skráningarlýsingin er gerð skv. 4. gr. viðauka IV. við reglugerð nr. 434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

Reykjavík, 16. október 2003
f.h. Framtaks fjárfestingarbanka.

Sigurður Jón Björnsson kt. 220366-3919
framkvæmdastjóri
Framtaks fjárfestingarbanka

Yfirlýsing umsjónaraðila

Landsbanki Íslands hf. (Landsbanki), kt. 540291-2259, Laugavegi 77, 155 Reykjavík, hefur samið skráningarlýsingu þessa í samráði við stjórnendur Framtaks fjárfestingarbanka og endurskoðanda hans.

Landsbanki hefur aflað þeirra gagna frá Framtaksi fjárfestingarbanka sem talin voru nauðsynleg til að gefa rétta mynd af skuldabréfinu. Eftir bestu vitund er skráningarlýsing þessi í fullu samræmi við staðreyndir. Skráningarlýsingin er gerð skv. 4. gr. viðauka IV. við reglugerð nr. 434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

Reykjavík, 16. október 2003
f.h. Landsbanka Íslands hf.

Yngvi Örn Kristinsson
kt. 161056-3249
framkvæmdastjóri verðbréfasviðs

Almennar upplýsingar um verðtryggð skuldabréf Framtaks fjárfestingarbanka hf., 1. flokkur 2003.

- Útgefandi:** Framtak fjárfestingarbanki hf., kt. 420171-0139, Síðumúla 28, 108 Reykjavík
- Samþykki skuldabréfaútgáfu:** Stjórn Framtaks fjárfestingarbanka samþykkti skuldabréfaútgáfu þessa á stjórnarfundum þann 28. apríl 2003. Samþykkt er að gefa út skuldabréf fyrir allt að 1.000.000.000,- kr. að nafnverði.
- Starfsemi:** Félagið starfar eftir lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og lögum um hlutafélag nr. 2/1995. Tilgangur útgefanda skv. 3. gr. samþykta félagsins er fjármálaþjónusta og skal félaginu heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem lánastofnunum, öðrum en viðskiptabönkum og sparisjóðum, er heimil lögum samkvæmt sem og aðra starfsemi í eðlilegum tengslum við hana, meðal annars að fjárfesta í skráðum og óskráðum verðbréfum.
- Umsjón með skráningu:** Landsbanki Íslands hf., kt. 540291-2259, Laugavegi 77, 155 Reykjavík
- Nafnverð, lánstími flokks og sölutrygging:** Heildarnafnverð 1. flokks 2003 verður a.m.k. 700.000.000,- kr., en getur orðið allt að 1.000.000.000,- kr.. Flokkurinn er seldur í umboðssölu og því ekki um sölutryggingu að ræða. Útgáfudagur bréfanna var 5. maí 2003. Flokkurinn er opinn en með ákveðinni lokastærð og er til 6 ára.
- Nafnvextir og verðtrygging:** Skuldabréf þetta greiðist með 3 jöfnum afborgunum á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 10. maí 2007. Vexti ber þó að greiða á 12 mánaða fresti út lánstímann í fyrsta skipti þann 10. maí 2004. Lokagjalddagi afborgana og vaxta er 10. maí 2009. Útgáfudagur bréfsins er 5. maí 2003 og því er fyrsti gjalddagi 12 mánuðir og 5 dagar. Skuldabréfið ber 6,35% flata vexti og er bundið vísitölu neysluverðs, sem er reiknuð og

birt af Hagstofu Íslands skv. lögum nr. 12/1995, til verðtryggingar með grunnviðmiðun 227 stig í maí 2003. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í réttu hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá grunnviðmiðun til gjalddaga. Skal höfuðstóll reiknaður út áður en vextir eru reiknaðir. Bréfin eru án uppgreiðsluheimildar og fylgja engin hlunnindi bréfunum.

Einingar skuldabréfanna:

Bréfin eru gefin út í 5.000.000 kr. einingum. Gefin hafa verið út 140 bréf með númeraseríuna 00001 til 00140. Ef fleiri bréf verða gefin út munu númer þeirra verða áframhald á töluröðinni.

Ávöxtunarkrafa og sölugengi:

Útgáfudagur bréfanna var 5. maí 2003. Ávöxtunarkrafan á útgáfudegi var 6,35% og sölugengi 1,001640. Ávöxtunarkrafa og sölugengi ákvarðast af markaðsaðstæðum á hverjum tíma. Upplýsingar um ávöxtunarkröfu og gengi skuldabréfanna hverju sinni er hægt að nálgast hjá Landsbanka Íslands hf., Laugavegi 77, 155 Reykjavík.

Viðskiptavakt:

Ekki verður viðskiptavakt með flokkinn.

Kostnaður:

Framtak fjárfestingarbanki hf. greiða allan kostnað við útgáfuna að hámarki 6.500.000 kr.

Heildarfjárhæð, sem aflast með útboðinu:

Allt að 1.000 milljónir króna.

Tilgangur sölunnar:

Andvirði útboðsins verður varið til endurfjármögnunar skemmri og lengri lána hjá innlendum fjármálastofnunum.

Fyrirkomulag sölu og sölutímabil:

Skuldabréfin eru seld í lokuðu útboði til fagfjárfesta frá 5. maí 2003 til 1. desember 2003. Flokknum verður þá lokað þrátt fyrir að hann hafi ekki náð leyfilegri hámarksstærð sem er 1.000 m.kr. Klárast útboðið fyrir 1. desember 2003 verður flokknum lokað. Sala og afhending skuldabréfanna fara fram gegn staðgreiðslu.

Skráning:

Kauphöll Íslands hf. hefur samþykkt að taka 1. flokk 2003 skuldabréfa Framtaks fjárfestingarbanka á skrá og verða bréf að

upphæð kr. 700.000.000,- að nafnverði skráð þann 21. október 2003 enda uppfylli bréfin skilyrði skráningar. Auðkenni bréfanna er FBANK 03 1. ISIN-númer bréfanna er IS0000007912.

Umsjón með sölu: Landsbanki Íslands hf., kt. 540291-2259, Laugavegi 77, 155 Reykjavík

Greiðslustaður: Greiðslustaður skuldabréfanna er á skrifstofu Framtaks fjárfestingarbanka, kt. 420171-0139, Síðamúla 28, 108 Reykjavík, nema öðrum aðila verði falin þau til innheimtu. Kröfuhafi getur vitjað greiðslu gegn framvísun skuldabréfsins.

Tryggingar: Framtak fjárfestingarbanki ábyrgjast endurgreiðslu bréfanna með tekjum sínum og eignum. Engin forkaupsréttarákvæði fylgja útgáfu skuldabréfanna.

Fyrningarákvæði: Kröfur samkvæmt skuldabréfum þessum fynast sé þeim ekki lýst innan tíu ára frá gjalddaga, skv. 4 gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Vaxtakröfur fynast á fjórum árum frá gjalddaga skv. 3. gr. sömu laga.

Viðtökudráttur og vanskil: Verði greiðslu vitjað eftir gjalddaga mun kröfuhafa hvorki verða greiddir vextir, dráttarvextir né verðbætur frá gjalddaga til greiðsludags. Verði um vanskil skuldara að ræða falla dráttarvextir á kröfuna frá framvísunardegi til greiðsludags, í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, samanber 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Standi skuldari ekki í skilum með greiðslur afborgana eða vaxta af skuldinni er skuldin í gjalddaga fallin án uppsagnar og má þá gera aðför til fullnustu skuldarinnar án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Framsöl Skuldabréfin skulu skráð á nafn. Óheimilt er að skrá skuldabréfin á handhafa. Við eigendaskipti að skuldabréfunum, skal framsal til nýs eiganda skráð á bakhlið bréfanna og þar greindur framsalsdagur svo og nafn,

kennitala og heimilisfang nýs eiganda. Sé röð framsala gölluð, verða skuldabréfin ekki innleyst nema handhafi leiði sönnur að eignarheimild sinni. Engar frekari hömlur eru á framsali.

Skattamál

Um skattalega meðferð bréfanna fer eftir skattalögum á hverjum tíma. Útgefandi ábyrgist að staðgreiðsluskatti af vaxtagreiðslum skuldabréfanna sé skilað til ríkissjóðs, sbr. 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Samkvæmt núgildandi lögum um tekju- og eignarskatt nr. 90/2003 teljast skuldabréfin til eignarskattstofns hjá einstaklingum og lögaðilum. Stimpilgjald greiðist ekki skv. undanþágu laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Meðferð ágreinings

Rísi mál út af skuldabréfunum má reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Upplýsingar og gögn

Skráningarlýsingu og önnur gögn um Framtak fjárfestingarbanka sem vísað er til í skráningarlýsingu þessari liggja frammi hjá Landsbanka Íslands hf., kt. 540291-2259, Laugavegi 77, 155 Reykjavík